

Nei.

DAGBLAÐ Í RÍKI SJOPPUNNAR. nr. 6 ÞRI 21. okt. 2008.
dagbladidnei.blogspot.com, dagbladidnei@gmail.com

INTERNATIONAL MOTHERF ...

Jæja, höldum ró okkar. New York Times greinir frá því í dag, og hefur eftir ónafngreindum heimildamanni innan Alþjóða gjaldveirissjóðsins, að búið sé að semja samkomulag, eða nokkuð skýr drög að samkomulagi, sjóðsins við Ísland, sem bíði nú bara undirritunar. Það gæti hugsast að síðar í dag berist fréttir af slíkri undirritun – þá hefði ríkisstjórn Íslands, með vafasamt umboð til slíks, í besta falli, skuldbundið ríkið, og okkur með, upp á 6 milljarða bandaríkjadala. Það eru um 700 milljarðar íslenskra króna á núverandi gengi eða um 2 milljónir á hvern Íslending. Gert er ráð fyrir að lánsféð komi frá IMF sjálfum, Rússlandi og Norðurlöndunum. Hvernig sem skuldinni verður dreift verður hún innheimt – til þessu eru skuldir – og nemur bagginn þá einni lítilli íbúð á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þær gætu orðið tvær.

Frá því að erlendu sjónvarpsstöðvarnar hurfu af landinu eftir stutta viðdöl hafa íslensk stjórnvöld ekki séð ástæðu til að veita upplýsingar af stöðu mála eða aðgerðum – og nær engar upplýsingar gefið um hvers konar skilmála má vænta frá sjóðnum. Geir og félagar hirða ekki einu sinni um að þykjast segja okkur af gangi mála. Við erum háð getgátum um skilmála, hugsanlega þar til samningar hafa náðst. Almennt virðast menn sammála um að gera megi ráð fyrir kröfu um háa stýrivexti og verulegan niðurskurð í ríkisútgjöldum.

HVAÐ GETUM VIÐ GERT?

Kostir almennings virðast fjórir, til lengri tíma lítið: 1. *Að borga.* Borga með hærri sköttum eða minni opinberri þjónustu, lengri vinnudegi, meiri þrældómi, minna frelsi. Það heitir að sá í akur óvinnar síns, allt sitt líf, dag og nótt. 2. *Borga ekki, af því bara.* Af því að þó við séum undirgefni erum við ekki fórnfús og munum hreinlega ekki „meika“ að vinna fyrir útlenskan kóng fjóra daga vikunnar, okkur sjálf þrjá. Og þó það sé á hinn veginn. Og hvað eigum við svosem eiginlega að framleiða meira af útflutningsverðmætum en við gerum þegar, með fleiri vinnustundum? Er ekki nýting á verðmætum sjávar þegar hámrökuð, eftir hagræðingu liðinna ára? Ef við borgum ekki, umorðalaust, lyppumst niður, þá verðum við hnápin og beygð barbarabjód í augum sjálfra okkar og umheimsins. 3. *Borga með fleiri virkjunum, álverum, olíuhreinsunarstöð?* – með því að selja undan okkur hvað sem við eigum falt. Það færi allt á útsöluprís því allir vita að okkur liggur lífið á. Landið yrði loksins allt eitt iðnaðarhverfi í útjadhri tveggja heimsálfa. 4. *Neita að hlýða regluverkinu sem er samið til að standa vörð um alþjóðlegt fjármagn á kostnað fólks* – segja: „við borgum ekki, því kerfið sem krefst þess er óréttlát“, fullmeðvitund um að við erum að brjóta lög og reglur sem við höfum áður samþykkt, og erum að krefja heiminn um nýtt viðmið. Slík krafa felur í sér mjög stóra áhættu því hún getur misheppnast – og mjög margir munu vilja að hún misheppnist. Hún er krafa um afnám þess lögmáls sem dæmir framleiðslulönd til fátæktar, andspænis herraþjóðum sem framleiða ekkert nema vald. Hún væri krafa, ekki um að Ísland fái aftur að vera réttu megin við línuna heldur að línun hlypi sig. Það felur í reynd í sér að Ísland tæki sér stöðu sem forystusveit í byltingu. Svoltið eins og í þorskastríðunum – og rétt eins og þá skiptir sköpum að Ísland geri ekki barbaríska kröfu fyrir sjálft sig eitt og sér, heldur hefji þessa kröfu upp í almennt lögmál: öll ríki fengu 200 mílna landhelgi. Allir lýðir losni nú úr viðjum annarra manna spilafíknar.

HM TREASURY

Financial services

Home > Financial services > Financial sanctions > Current regimes

Home

Newsroom & speeches

Economic data & tools

Consultations & legislation

Independent reviews

Enterprise & productivity

Financial services

- Banking
- Financial Capability
- Financial crime and terrorist financing
- Financial inclusion
- Financial sanctions
- Financial Services in the European Union
- Financial Services in the Global Economy
- Financial stability
- Mortgages
- Payment Services
- Promoting saving and asset ownership
- Regulating Financial Services
- Securities and Investments
- UK Listing Authority Objectives
- Unclaimed assets scheme

International issues

Public private partnerships

Current regimes

- Al-Qaida & Taliban
- Belarus
- Burma/Myanmar
- Democratic Republic of Congo
- Federal Republic of Yugoslavia & Serbia
- International Criminal Tribunal for The Former Yugoslavia
- Iran
- Iraq
- Ivory Coast
- Landsbanki
- Lebanon and Syria
- Liberia
- North Korea (Democratic People's Republic of Korea)
- Sudan
- Terrorism and terrorist financing
- Zimbabwe

Regime-specific consolidated lists and news releases can be obtained from that Regime's specific page.

Back to top

Sjón er sögu ríkari. Hér er listinn sem Landsbankanum er nú skipað á, hjá bresku stjórnvöldum, með beitingu hryðjuverkalöggjafarinnar.
http://www.hm-treasury.gov.uk/fin_sanctions_currentindex.htm



HLEKKJATÍNSLAN

Íslendingar eru þrátt fyrir allt ekki einir í heiminum. Hér koma hlekkir á vefsíður sem lofa nokkuð góðu – þar sem róttækir fræðimenn, eða í öllu falli fræðimenn í andstöðu við ríkjandi ástand, reyna að ráða í kreppuna:

MARXANDTHEFINANCIALCRISISOF2008.blogspot.com

Hér er í gangi tilraun til að skilja orsakir kreppunnar út frá forsendum marxískrar hagræði. Leiðarspurningarnar sem höfundur tekst á við en viðurkennir fúslega að hann hefur engan veginn svarað, enn sem komið er,

eru meðal annars hvort svona lánsfjárræpa er viðbúinn hluti af gangvirki kapitalismans, sem slíku, eða hvort hún tilheyrir aðeins því „afreglaða“ tilbrigði kapitalismans sem hefur verið við lýði í Bandaríkjunum frá 8. áratugnum. Höfundur vísar á greinar annarra fræðimanna sem fást nú við skyldar rannsóknir og vangaveltur, í rauntíma, svo að segja.

sites.google.com/site/RADICALPERSPECTIVESONTHECRISIS

„Heimurinn er að detta í sundur og við viljum vita hvers vegna og hvað við getum gert við því. Sum okkar hafa verið að stúdera eitthvað af þessu um langa hríð, en önnur eru að reyna að skófla í sig skilningi.“ Hér eru líka stunduð

fræði í rauntíma – það er hópur hugvísinda- og félagsvísindafólks sem leggur sig eftir að að greina atburði í gangvirki kapitalismans á næstu mánuðum, ásamt því að átta sig á mögulegu viðbragði og aðgerðum.

cinestatic.com/INFINITETHOUGHT

Hér bloggar breskur heimspekingur að nafni Nina Power. Hún hefur meira til málna að leggja en margir og er auk þess meinfyndin – og með mergjað hlekkjasafn. Á síðunni hennar má nú þegar finna fulla enska þýðingu greinarinnar eftir Alain Badiou sem við birtum brot úr í Nei 3.

Nei. © 2008. Ritstjóri: Haukur Már Helgason.